91 svari eptir efnum og ástæðum, samkvæmt því sem hæfa þykir eptir árlegri
2. júlí. veltu og arði.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að hreppsnefndirnar eru alls ekki bundnar við að taka tillit til veltu og arðs að eins undanfarið ár, eins og verzlunarstjórinn álítur, heldur eiga þær að leggja á verzlanirnar eptir gjaldþoli því, sem ætla má að þær hafi eptir stærð þeirra og venjulegum arði, eins og lagt er á einstaka menn eptir efnum og ástæðum yfir höfuð; þyki svo verzlunarstjóra of hátt lagt á, verður hann að fara sama veg og aðrir með kærur sínar, en þá er honum innanhandar að skýra frá síðasta árs veltu og arði til þess að hæfilegt tillit verði til þess tekið.

92 **Brjef ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð**
5. júlí. (ágrip).

Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að samkvæmt tillögum hans hefði hans hátign konunginum 2. dag júlímán. allramildilegast þóknazt að samþykkja að makaskipta mætti jörðinni Bakkakoti í Andakíl í Borgarfjarðarprófastsdæmi gegn jörðinni Grímastöðum eða Grímarstöðum í sama hreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeign að því er alla afgjaldsskyldu snertir, en hin síðarnefnda verði sett jafnhliða öðrum kirkjueignum.

93 # Samþykkt
16. júlí. um ýmisleg atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, gjört og hjeraðsfundur þar fallizt á eptirritaða

samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Lundi skal algjörlega friðaður á Heimalandi um hvern tíma árs sem er, en í úteyjum öllum, — þar með talinn Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur,— að undanteknum Smáeyjum, Brandi, Hellisey, Súlnaskeri og Geldungnum, allt árið, nema frá því 11 vikur eru af sumri og þangað til fullar 15 vikur eru af sumri. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

2. gr.

Svartfugl má eigi veiða á sjóflánum. Sameign hver veiðir fyrir sig svartfugl í bergi með snörum, en háfar skulu alls ekki notaðir til svartfuglaveiði annarsstaðar en uppi í grasi fyrir ofan brúnir. Fuglanet skulu með öllu aflögð. Eigi má gjöreyða fuglinum á neinu bæli. Svartfugl, hvorki ungan nje gamlan, má taka í Súlnaskeri.

3. gr.

Þegar eigi er veiðiveður, en legið er við til fuglaveiða, skulu veiðimenn